

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 414/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

(Haraldur Blöndal hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar. Við munnlegan flutning málsins orðaði ríkissaksóknari kröfur sínar þannig: „Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar, en að refsing verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 1. apríl 1989 á óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 280 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs.“

Skipaður verjandi ákærða gerði svofelldar kröfur: „Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að honum verði einungis gerð vægasta refsing að lögum. Þess er krafist, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda.“

Símon Sigvaldason, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Ákæra í máli þessu var gefin út 21. febrúar 1991, og var ákærða gefið að sök að hafa ekið „þriðjudaginn 30. október 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-76615 norður Grensásveg í Reykjavík yfir leyfðum hámarkshraða og fyrir að yfirgefa vettvang án þess að gera viðeigandi ráðstafanir, eftir að hafa rekist á bifreið-

ina R-38516, sem ekið var í veg fyrir bifreið ákærða á móts við Ármúla“.

Þetta var talið varða við 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess var krafist, að ákærði yrði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

Um atvik vísast til héraðsdóms og þess, sem segir hér á eftir.

Laust eftir kl. 16 hinn 30. október 1990 varð árekstur á mótum Grensásvegur og Ármúla í Reykjavík. Þar skullu saman sendibifreiðin R-38516, sem maður að nafni Gunnar Örn Hauksson ók, og fólksbifreiðin R-76615, sem ákærði er sakaður um að hafa ekið. Hann neitar, að svo hafi verið. Ökumennirnir áttu tal saman, en sá, sem ók R-76615, fór af vettvangi, meðan Gunnar Örn hringdi til lögreglunnar. Nokkur vitni hafa gefið skýrslur í málinu.

Í fyrstu var nafngreindur maður, S, grunaður um að hafa ekið R-76615. Skyldi sakbending fara fram í lögreglustöðinni við Hverfisgötu, og var ákærði boðaður þangað af ástæðum, sem ekki eru að fullu ljósar. Fór svo, að bæði S og ákærði voru meðal þeirra manna, sem vitni sáu. Sakbendingin fór fram 1. nóvember 1990.

Vitnin, sem komu til sakbendingar, voru níu. Eitt bar um mann, sem það sá við Álakvísl nokkru eftir áreksturinn. Af hinum átta sögðu fimm, að ákærði hefði ekið R-76615, þegar árekstur varð. Það voru fyrrnefndur Gunnar Örn Hauksson, Þorfinnur Kristjánsson, sem kom á árekstrarstað á bifreið sinni, Theódór Helgason, sem kveðst hafa séð báða ökumennina við og í húsinu, sem hringt var frá í lögregluna, Margrét Sigurðardóttir og Þorsteinn M. Kristjánsson, sem sáu báða ökumennina við sama hús. Enn eitt vitni benti á ákærða, en lýsti vafa. Eitt vitni benti á annan mann, en annað kvaðst ekki þekkja ökumanninn í hópi þeirra, sem vitnin sáu við sakbendinguna.

Verjandi ákærða hefur gert margvíslegar athugasemdir við sakbendinguna 1. nóvember 1990 og vísað til leiðbeininga um framkvæmd sakbendinga, sem er að finna í Handbók rannsóknarlögreglumanna. Þessar leiðbeiningar hafa verið lagðar fram í málinu og eru svohljóðandi: „1. Annar maður á að annast

sakbendingu en sá, sem hefur með höndum rannsókn máls að öðru leyti.

2. Sakborningi skal stillt upp á meðal manna, 7-10 talsins, sem eru svipað á sig komnir, að því er snertir aldur, hæð, háralit og útlit almennt, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

3. Sakborningur má velja sér stað í röðinni, og hann getur skipt um stöðu öðru hverju, ef honum sýnist svo.

4. Vitni mega ekki hafa þekkt neinn í röðinni áður, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

5. Vitnum má ekki sýna myndir af sakborningi, áður en sakbending fer fram, sbr. Hrd. 1969, bls. 14.

6. Vitnum skal haldið aðgreindum og leiða þau fyrir röðina eitt í senn. Þess skal vandlega gætt, að vitni, sem þegar hafa verið leidd fram, geti ekki haft samband við hin, sem eftir eru, sbr. Hrd. 1969, bls. 14, og 3. mgr. 102. gr. 1. 74/1974.

7. Ef hætta er talin á, að vitni verði fyrir óþægindum vegna atbeina síns, má hafa það dulbúið eða láta það benda á sakborning óséð.

8. Vitni má ekki benda eða yfirleitt gefa til kynna, hvern það telur sökunaut, fyrr en það hefur yfirgefið herbergið.

9. Ef fleiri en einn sökunautur eru í sakbendingarröð, á að láta vitni vita um það, svo að það geti bent á báða (alla), ef það kannast við þá.

10. Þátttakendur í sakbendingarröð mega ekki tala eða hreyfa sig, nema til þess sé ætlast.

11. Gera skal nákvæma skýrslu um allar aðstæður við sakbendingu.“

Verjandi ákærða taldi, að rannsóknarlögreglumaður sá, sem stjórnaði rannsókn atvika 30. október, hefði haft of mikil afskipti af sakbendingunni, þó að annar væri í skýrslum talinn hafa stjórnað henni. Þá hefði átt að tilkynna ákærða, að hann væri grunaður, en svo hafi bersýnilega verið. Þá hafi honum ekki verið leyft að velja sér stað í röðinni eins og grunuðum manni. Eitt vitni hafi kannast við tvo af þeim sjö mönnum, sem vitnin sáu, og vitnin hafi í nokkrum mæli ræðst við, áður en sakbendingin fór fram.

Ákærði hefur sagt svo frá, að um kl. 16 hinn 30. október 1990 hafi hann verið í húsi Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi.

Hann kveðst hafa farið með strætisvögnum heim til sín í Álfthóla 4 og þaðan með strætisvögnum til að sækja dóttur sína á dagheimilið Laugaborg við Leirulæk. Á grundvelli gagna, sem liggja frammi í málinu, er talið af hálfu ákærða, að hann hafi farið úr lögregluhúsinu kl. 16.10 og komið í dagheimilið kl. 17.15. Ekki hefur verið aflað upplýsinga um ferðir strætisvagna, sem hugsanlegt er, að ákærði hafi ferðast með.

III.

Í máli þessu verður að byggja á skýrslum þeirra, sem bentu á ákærða í sakbendingunni 1. nóvember 1990. Á sakbendingunni voru ekki þeir annmarkar, að það rýri að marki sönnunargildi þeirra skýrslna, sem að framan eru raktar. Ber að líta til þess, að hún fór fram tveimur dögum eftir áreksturinn og að ekkert er fram komið, sem bendi til, að vitnin hafi haft samráð á þann hátt, að máli skipti.

Frásögn ákærða af ferðum sínum á þeim tíma, sem áreksturinn varð, er ekki trúverðug. Þó að ekki sé fram komið, hvernig ferðum strætisvagna var háttað, er á það að líta, að ákærði bar fyrir dómi 24. apríl 1991, að hann hefði komið heim til sín milli kl. 16.30 og 16.40. Verður frásögn hans ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að hann hafi þá í flýti farið að sækja dóttur sína, þar sem sambyliskonu hans, sem það ætlaði að gera, hafi komist að raun um það í sama mund, að bifreið hennar, þ.e. bifreiðinni R-76615, hefði verið stolið. Þó er ljóst, að konan skýrði lögreglunni frá bílstulðinum símléiðis kl. 16.10.

Þess er að geta, að fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um líklegan ökuhraða miðað við lengd hemlafara.

Pegar framanskráð er virt, ber að staðfesta niðurstöðu sakadóms um sakfellingu.

IV.

Staðfesta ber niðurstöðu sakadóms um færslu til refsíákvæða.

Í bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 5. mars 1991 segir m.a.: „... þann 1. apríl 1989 var Halldóri Lárusi Péturssyni, kt. 060358-6489, veitt reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 280 daga eftirstöðvum eftirtalinna refsinga:

1. 7 mánaða fangelsi að frádreginni 90 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. ágúst 1987.

2. 3 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. október 1987.

3. 12 mánaða fangelsi að frádreginni 8 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. október 1987.

4. 2 mánaða fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. október 1988.

5. 4 mánaða fangelsi, að frádreginni 38 daga gæsluvarðhaldsvist samkvæmt dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, upp kveðnum 21. október 1988.

Halldór Lárus hefur ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar“.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ber í þessu máli að ákveða refsingu fyrir brot það, sem að framan er lýst, með hliðsjón af þeirri 280 daga refsivist, sem ólokið var. Verður í því sambandi farið eftir reglum 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og 77. gr. sömu laga, svo og, eins og sakaferli ákærða er háttað, 72. gr. Er refsingin hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuðir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Um áfrýjunarkostnað fer eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 416/1991: Ákæruvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni, sem tekið var til dóms 20. ágúst sl.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. október 1990 kl. 16.20 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um bifreiðaárekstur á gatnamótum Grensásvegur og Ármúla hér í borg. Hafði árekstur orðið þar skömmu áður með bifreiðunum R-76615 og R-38516, en ökumaður bifreiðarinnar R-76615 hafði ekið á brott af vettvangi. Að sögn Gunnars Arnar Haukssonar, ökumanns bifreiðarinnar R-38516, hafði árekstur bifreiðanna borið að með þeim hætti, að hann ók bifreið sinni austur Ármúla og beygði norður Grensásveg, en bifreiðinni R-76615 var á sama tíma ekið norður Grensásveg. Ökumaður kvaðst hafa litið eftir umferð til hægri (sic), norður Grensásveg, en hann ekki orðið var við umferð um götuna og því ekið inn á Grensásveg. Í því kvað ökumaður mikið högg hafa komið á bifreið sína, er bifreiðin R-76615 skall á henni. Ökumanni bifreiðarinnar R-76615 lýsti Gunnar Örn sem karlmanni, u.þ.b. 35 ára, dökkhærðum og um 175 cm á hæð.

Í lögregluskýrslu er skráð eftir ökumanni, Gunnari Erni, að ökumaður bifreiðarinnar R-76615 hefði strax viljað semja um uppgjör á tjóni vegna árekstrarins án afskipta lögreglu, en hann ekki viljað á það fallast. Hefðu þeir farið inn í hús Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg, þar sem ökumaður R-38516 ætlaði að hringja á lögreglu. Segir í skýrslum, að er ökumaður R-38516 kom út úr húsi Hitaveitunnar skömmu síðar, eftir að hafa hringt til lögreglu, hefði bifreiðin R-76615 verið horfin á brott af vettvangi ásamt ökumanni.

Er lögreglumenn voru á vettvangi, fengu þeir tilkynningu frá stjórnstöð lögreglu þess efnis, að bifreiðinni R-76615 hefði verið stolið frá Álftahólum 4, Reykjavík, fyrr þann dag. Eftir skýrslugerð á vettvangi fór lögregla að Álftahólum og hafði þar tal af eiganda bifreiðarinnar, Kristínu Gísladóttur. Fram kom í máli Kristínar, að hún hefði ákveðinn mann grunaðan um þjófnaðinn, að nafni Stefán Almarsson. Kvaðst Kristín hafa lent í deilum við Stefán og því telja, að hann vildi hefna sín. Kristín kvaðst hafa lagt bifreiðinni við Blikahóla fyrr þann morgun til að fela hana fyrir Stefáni. Hefði hún ætlað að nota bifreiðina síðdegis þennan dag, en þá hefði bifreiðin verið horfin. Kristín upplýsti, að hún hefði í sínum fótum kveikju-lásslykla bifreiðarinnar, en hún kvaðst ekki vita um aukalykla hennar, en þó gætu þeir verið í hanskahólfi bifreiðarinnar.

Um klukkan 18.40 sama dag kom Kristín Gísladóttir, Álftahólum 4, Reykjavík, á lögreglustöð og tilkynnti um þjófnað á bifreiðinni R-76615. Sagðist hún telja Sigurð Stefán Almarsson, er að framan greinir, hafa stolið bifreiðinni.

Miðvikudaginn 31. október 1990 um kl. 8.10 voru lögreglumenn á leið um Álakvísl í Reykjavík, er þeir urðu varir við bifreiðina R-76615, þar sem hún stóð mannlús fyrir utan hús nr. 104. Við athugun reyndist bifreiðin

töluvert skemmd. Var afturhurð og jafnframt vinstri hlið öll dælduð og rispuð. Tekið var fram í lögregluskýrslu, að bifreiðin hefði verið ólæst. Í framhaldi af þessu héldu lögreglumennirnir áleiðis að Álakvísl 74 og handtóku þar Sigurð Stefán Almarsson. Var Sigurður Stefán færður á lögreglustöð og þar tekinn til yfirheyrslu. Kvaðst hann saklaus af kæruefninu. Því til staðfestu kvaðst hann geta nefnt til vitni, er gætu borið um það, að hann hefði verið heima hjá sér þriðjudaginn 30. október 1990. Tók Sigurður Stefán fram, að hann hefði sambýlismann Kristínar Gísladóttur, eiganda bifreiðarinnar, Halldór Lárus Pétursson, grunaðan um að hafa verið ökumann bifreiðarinnar, er áreksturinn varð á mótum Grensásvegur og Ármúla. Hefðu þeir Halldór Lárus deilt sín á milli í síma að kvöldi þriðjudagsins 30. október 1990.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1990 fór fram sakbending á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík, þar sem aðilar þeir, er höfðu orðið vitni að árekstrinum á mótum Grensásvegur og Ármúla 30. október, voru beðnir að benda á ökumann bifreiðarinnar R-76615. Í sakbendingunni voru meðal annarra kærði, Sigurður Stefán Almarsson, og Halldór Lárus Pétursson. Halldór Lárus var boðaður á lögreglustöðina og honum skýrt frá því, að sakbending færi þar fram. Af samtals níu vitnum bentu sjö á ákærða, Halldór Lárus Pétursson, sem ökumann bifreiðarinnar R-76615, þá er hún lenti í árekstri við bifreiðina R-38516 30. október 1990 á gatnamótum Grensásvegur og Ármúla.

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, var í framhaldi af sakbendingunni færður til skýrslugjafar á lögreglustöð. Ákærði þverneitaði því hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni R-76615 þriðjudaginn 30. október 1990. Ákærði kvaðst hafa lagt leið sína til Rannsóknarlögreglu ríkisins þennan dag á fund Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns um klukkan 16.00. Ákærði kvaðst hafa farið í strætisvagni á staðinn. Hann hefði ekki staldrað við nema stutta stund hjá RLR. Hann hefði auk Eggerts Bjarnasonar rætt við roskinn mann, er hefði verið í afgreiðslu RLR. Er ákærði hélt heim á leið, kvaðst hann hafa ferðast enn á ný með strætisvagni og farið rakleitt heim til sín að Álftahólum. Þegar þangað var komið, kvaðst ákærði hafa frétt hjá sambýliskonu sinni, að bifreið hennar, R-76615, hefði verið stolið. Skömmu síðar, um kl. 16.30 til 16.40, hefði hann tekið strætisvagn frá Álftahólum að dagheimilinu Laugaborg við Leirulæk til að sækja dóttur sína, er þar var í dagvistun. Þar hefði ákærði verið um kl. 17.00. Varðandi klæðnað sinn þennan dag upplýsti ákærði, að hann hefði verið klæddur í bláar gallabuxur og brúnan leður-mittisjakka með gulum röndum.

Ákærði kom fyrir dóm 22. maí 1991. Hélt hann þar fast við fyrri framburð sinn hjá lögreglu og kvaðst vera saklaus af því, sem sér væri gefið að sök í ákæru. Hann hefði ekki ekið bifreiðinni R-76615 umræddan dag.

Um ferðir sínar þriðjudaginn 30. október 1990 skýrði ákærði frá á sama hátt og hjá lögreglu. Hann staðhæfði sem áður, að hann hefði komið heim til sín að Álftahólum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins um kl. 16.45 til 16.50. Ákærði tók fram fyrir dómi, að hann hefði verið boðaður af lögreglu í sakbendingu þá, er fram fór á lögreglustöð 1. nóvember 1990, en fyrir sakbendinguna hefðu tveir lögreglumenn yfirheyrt sig.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við lögreglurannsókn málsins og hér fyrir dómi.

Eftirtalin vitni tóku þátt í sakbendingu þeirri, er fram fór á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 1. nóvember 1990: Gunnar Örn Hauksson, Engihjalla 19, Kópavogi, Þorfinnur Kristjánsson, Stafnaseli 2, Reykjavík, Heiða Hilmarsdóttir, Álakvísl 104, Reykjavík, Guðmundur Skúlason, Furugrund 68, Kópavogi, Margrét Sigurðardóttir, Sævangi 46, Hafnarfirði, Þorsteinn Kristjánsson, Jöldugróf 8, Reykjavík, Jóhannes Guðmundsson, Austurbrún 6, Reykjavík, Sigurjón Haraldsson, Fannafold 70, Reykjavík, og Theódór Helgason, Jöldugróf 20, Reykjavík.

Vitnið Gunnar Örn Hauksson var ökumaður bifreiðarinnar R-38516. Vitnið hefur skýrt frá því, að umræddan dag hafi það verið við störf á sendiferðabifreið og verið á leið austur Ármúla að gatnamótum Ármúla og Grensásvegur. Hefði það ekið inn á Grensásveg og beygt til norðurs. Á þeim tíma kvaðst vitnið hafa litið suður Grensásveg til að aðgæta umferð. Vitnið kvaðst enga umferð hafa séð, og því hefði það ekið rakið inn á Grensásveg, en rétt á eftir hefði það heyrt hemlahljóð, og hefði þá bifreiðin R-76615 skolið á bifreið vitnisins. Vitnið kveðst hafa stigið út úr bifreiðinni og rætt við ökumann hinnar bifreiðarinnar, er hefði viljað semja um bætur vegna tjónsins. Vitnið kvaðst hafa viljað kalla til lögreglu, en það hefði ökumaður hinnar bifreiðarinnar verið ósáttur við. Þá kveðst vitnið hafa haldið til húss Hitaveitunnar í Reykjavík á Grensásvegi til að hringja á lögreglu, og hefði ökumaður R-76615 fylgt sér eftir, en síðan horfið á brott. Hefðu starfsmenn Hitaveitunnar tjáð sér, að ökumaðurinn hefði ekið á brott í bifreiðinni. Vitnið kvaðst telja um það bil 10 mínútur hafa liðið, frá því að áreksturinn varð, þar til ökumaður R-76615 hvarf á brott. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta gert grein fyrir klæðnaði ökumanns né útliti hans að öðru leyti. Í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa borið kennsl á ökumann R-76615 og bent á ákærða í máli þessu, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Þorfinnur Kristjánsson kvaðst hafa verið að erinda við hús nr. 9 við Grensásveg þriðjudaginn 30. október 1990, og hefði það veitt athygli rauðri fólksbifreið, þar sem henni hefði verið ekið með ofsahraða norður Grensásveg. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að árekstur hefði orðið með þeirri bifreið og annarri bifreið, er hefði verið ekið eftir

Grensásvegi til norðurs af Ármúla. Hefðu ökumenn bifreiðanna staðið við bifreiðarnar eftir áreksturinn og verið eitthvað að deila sín á milli. Ökumanni bifreiðar þeirrar, er ekið var norður Grensásveg, lýsti vitnið sem meðalmanni á hæð, 176-180 cm, dökkskolhærðum, með yfirvaraskegg, í mittisjakka og sennilega 35-40 ára. Í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa bent á ökumann þann, er hefði ekið rauðu fólksbifreiðinni norður Grensásveg umræddan dag. Benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson.

Í sakbendingu á lögreglustöð og fyrir dóminn hefur komið vitnið Heiða Hilmarsdóttir. Vitnið kvaðst hafa verið statt við heimili sitt að Álakvísl 104 þriðjudaginn 30. október 1990. Hefði vitnið tekið eftir rauðri fólksbifreið, er hefði verið lagt fyrir framan heimili sitt, og hefði vinstri framhluti hennar verið skemmdur, sennilega eftir árekstur. Veitti vitnið athygli karlmanni, er hefði stigið út úr bifreiðinni og gengið á brott frá henni. Manni þessum lýsti vitnið sem um 180 cm á hæð, dökkhærðum, með há kollvik, slétt hár, og hefði viðkomandi verið klæddur brúnleitum mittisjakka og í gallabuxum. Í lögregluskýrslu er skráð eftir vitninu, að þetta hafi verið um kl. 16.30. Á lögreglustöð í sakbendingu er skráð eftir vitninu, að það hafi talið ákærða, Halldór Lárus Pétursson, líkastan þeim manni, er hefði verið staddur við bifreiðina þennan dag. Þá tók vitnið fram, að það hefði ekki getað fullyrt það, þar sem það hefði séð á vanga mannsins og á eftir honum, en ekki beint framan í hann. Fyrir dómi kvað vitnið, að í sakbendingunni hefði það ekki getað bent á þann mann, er hefði gengið á brott frá bifreiðinni R-76615 30. október 1990, en hann hefði verið dökkhærður og frekar hár vexti, í vinnufötum og jafnvel í gallabuxum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði sex vitna, er öll voru stödd í húsa- kynnum Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg umrætt sinn.

Vitnið Guðmundur Skúlason hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, auk þess sem vitnið mætti á lögreglustöð í sakbendingu 1. nóvember 1990. Vitnið kvaðst hafa setið inni í kaffistofu Hitaveitu Reykjavíkur við Grensásveg 30. október 1990. Ekki kvaðst vitnið hafa séð með eigin augum árekstur þann, er varð þar fyrir utan, en inn í hús Hitaveitunnar hefðu komið tveir menn og annar þeirra viljað fá að hringja á lögregluna vegna árekstrarins. Hafi hinn aðilinn þá gengið á brott út úr húsinu. Þeim, er hvarf á brott, lýsti vitnið sem frekar lágvöxnum manni með yfirvararskegg og rauðbrúnt hár. Vitnið kvaðst hafa borið kennsl á þennan mann í sakbendingu á lögreglustöðinni og bent á ákærða, en þó kvaðst það fyrir dómi ekki geta sagt til um það með fullri vissu, þar sem það hefði séð manninum rétt bregða fyrir í dyrum kaffistofunnar.

Vitnið Margrét Sigurðardóttir kvaðst hafa setið við glugga í húsi Hitaveitunnar, og hefði það heyrt, er árekstur varð þar fyrir utan. Hefði það

veitt því athygli, að ökumenn bifreiðanna hefðu deilt, og því næst hefðu þeir gengið inn í hús Hitaveitunnar. Skömmu síðar hefði annar ökumaðurinn horfið á brott á bifreiðinni. Ökumanni þessum lýsti vitnið sem karlmanni, háum, sennilega um 165-170 cm, dökkhærðum og með yfirvararskegg. Þetta hefði sennilega verið um kl. 16.00. Vitnið kvaðst hafa borið kennsl á ökumann bifreiðarinnar í sakbendingu á lögreglustöð, og benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson kvaðst hafa heyrt hemlahljóð og í framhaldi af því árekstur fyrir utan hús Hitaveitunnar 30. október 1990. Út um glugga hefði það séð ökumenn bifreiðanna deila. Deilur þeirra hefðu endað með því, að ökumaður annarrar bifreiðarinnar hefði ekið á brott. Var sá í gallabuxum og í ljósbláum jakka, fremur lágvaxinn, með dökkt hár og með yfirvararskegg. Þessa atburði kvað vitnið hafa gerst um kl. 16.15 til 16.20. Vitnið kvað 10 til 15 mínútur hafa liðið, frá því að áreksturinn varð, þar til lögregla kom á staðinn. Í sakbendingu á lögreglustöðinni 1. nóvember 1990 kvaðst vitnið hafa bent á þann ökumann, er ók á brott, og hefði það verið ákærði, Halldór Lárus Pétursson.

Vitnið Jóhannes Guðmundsson kvaðst ekki hafa séð, er framangreindur árekstur varð. Vitnið kvaðst hafa litið út um gluggann á húsi Hitaveitunnar eftir áreksturinn og séð ökumenn bifreiðanna ræða saman. Hefðu þeir báðir gengið saman að húsinu, en skömmu síðar hefði annar þeirra gengið þaðan á brott og ekið á brott. Þetta hefði verið um kl. 16.00. Ökumaðurinn hefði horfið á brott af vettvangi um 10 til 15 mínútum eftir áreksturinn. Manni þessum lýsti vitnið á þá leið, að hann hefði verið um 170 cm á hæð, dökkskolhærður og með yfirvararskegg. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt eftirtekt klæðnaði mannsins. Vitnið gat ekki bent á ökumann þennan í sakbendingu á lögreglustöð 1. nóvember 1990.

Vitnið Sigurjón Haraldsson kvað ökumenn tveggja bifreiða hafa komið í hús Hitaveitunnar umrætt sinn, og hefði annar þeirra viljað hringja á lögreglu. Á meðan hefði hinn ökumaðurinn staðið þar skammt frá skamma stund, en síðan farið út og ekið á brott. Þetta hefði gerst klukkan rúmlega 16.00. Framangreindum ökumanni, er fór á brott, lýsti vitnið sem í meðallagi háum, dökkhærðum og með yfirvararskegg. Ekki hefði það veitt athygli klæðnaði hans. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki hafa getað sagt til um það með vissu, hver hefði verið þessi tiltekni ökumaður, er það kom á lögreglustöð 1. nóvember 1990 í sakbendinguna. Í lögregluskýrslu er skráð eftir vitninu að lokinni sakbendingu, að það hafi ekki verið visst, hver hefði komið inn í kaffistofu Hitaveitunnar, og hefði það að lokum bent á lögreglumann úr hópi aðila í sakbendingarröð.

Vitnið Theódór Helgason kvaðst ekki hafa séð árekstur bifreiðanna fyrir utan hús Hitaveitunnar, en ökumenn hefðu verið að ræða saman við bif-

reiðarnar, er það leit út um glugga hússins. Báðir ökumenn hefðu komið í hús Hitaveitunnar til að fá afnot af síma. Hefði þá ökumaður annarrar bifreiðarinnar horfið á brott. Hefði sá ökumaður verið dökkhærður og með yfirvararskegg, um það bil 175 cm á hæð, í grænni mittisúlpu og í ljósum buxum. Ekki kvaðst vitnið muna nákvæmlega, hvenær atburðirnir urðu, en þó hefði það sennilega verið fyrir kl. 16.00. Í sakbendingunni á lögreglustöðinni 1. nóvember 1990 benti vitnið á ákærða, Halldór Lárus Pétursson, sem ökumann þeirrar bifreiðar, er ekið var brott af vettvangi.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Linda Björk Pétursdóttir, starfstúlka á dagheimilinu Laugaborg við Leirulæk. Vitnið skýrði frá því, að ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði komið á dagheimilið 30. október 1990 í þeim erindagjörðum að sækja dóttur sína. Í lögregluskýrslu, er tekin var af vitninu 1. nóvember 1990, upplýsti vitnið, að ákærði hefði komið á dagheimilið um kl. 17.15. Á þeim tíma kvað vitnið ákærða hafa verið klæddan í græna mittisúlpu. Um klæðnað ákærða að öðru leyti gat vitnið ekki borið. Vitnið kvað ákærða hafa fengið dóttur sína afhenta, og hefði hann horfið á brott skömmu síðar. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta sagt til um það með vissu, hvenær ákærði hefði komið á dagheimilið, en kvað það vera skráð í mætingabók á dagheimilinu. Samkvæmt gögnum, er bárust dóminum frá dagheimilinu, er skráð, að ákærði hefði sótt dóttur sína kl. 17.15 30. október 1990. Ekki gat vitnið borið um það, með hvaða hætti ákærði kom á dagheimilið né hvernig hann fór þaðan. Þá kvað vitnið ákærða hafa haft það á orði, að hann væri að flýta sér, þar sem beðið væri eftir sér úti í bíl.

Sambyliskona ákærða, Kristín Gísladóttir, kom sem vitni til skýrslugjafar á lögreglustöð 1. nóvember 1990 og fyrir dóm fimmtudaginn 30. maí 1991. Hjá lögreglu skýrði vitnið svo frá, að sambýlismaður sinn, ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði þriðjudaginn 30. október 1990 um kl. 14.00 til 15.00 farið frá heimili þeirra, Álfthólum 4, á fund Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi. Þangað kvað vitnið ákærða hafa farið með strætisvagni. Vitnið kvað ákærða hafa komið heim aftur milli klukkan 16.00 og 16.30. Í því kvaðst vitnið hafa ætlað að sækja dóttur sína og ákærða í bifreið sinni, R-76615, en þá tekið eftir því, að bifreiðin var horfin frá heimili þeirra. Kvaðst vitnið þá hafa hringt til lögreglu og tilkynnt um þjófnaðinn. Vegna þessa kvað vitnið ákærða hafa farið með strætisvagni áleiðis niður að dagheimilinu Laugaborg til að sækja dóttur þeirra, og hefði klukkan þá verið um 16.45. Hefði ákærði komið heim aftur einhvern tíma eftir kl. 17.00. Vitnið kvað ákærða hafa verið klæddan í bláar gallabuxur og verið í brún-um leður-mittisjakka.

Framburður vitnisins fyrir dómi var um atvik samhljóða fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu. Nánar skýrði vitnið þó svo frá, að um kl. 16.15 til 16.20 hefði

vitnið ætlað að sækja dóttur sína á dagheimili, en þá orðið þess vart, að bifreið sín var horfin. Kvaðst vitnið strax hafa hringt á lögreglu til að tilkynna um þjófnaðinn. Skömmu síðar, um kl. 16.30 til 16.40, hefði ákærði fyrst komið heim. Hefði hann staldrað við örstutta stund, áður en hann hefði farið með strætisvagni að ná í dóttur þeirra á dagheimilinu. Hefði ákærði komið þaðan um kl. 17.30 til 17.45. Um klæðnað ákærða þennan dag bar vitnið með sama hætti og hjá lögreglu.

Vitnið Helen Guðjónsdóttir kvaðst hafa verið að störfum í afgreiðslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þriðjudaginn 30. október 1990. Vitnið kvað ákærða, Halldór Lárus Pétursson, hafa komið þangað um kl. 15.30. Vitnið kvaðst hafa hætt störfum um kl. 16.00 þann dag, og á þeim tíma, um kl. 16.00 til 16.05, hefði ákærða verið vísað út úr húsi rannsóknarlögreglunnar. Það kvað vitnið Gunnleif Kjartansson lögreglufulltrúa hafa gert. Vitnið kvaðst hafa veitt ákærða eftirtekt, þar sem hann gekk í áttina að lögreglustöðinni í Kópavogi. Klæðnaði ákærða umræddan dag kvaðst vitnið ekki hafa tekið sérstaklega eftir.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, staðfesti, að ákærði hefði verið í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar umræddan dag og farið þaðan um kl. 16.00 til 16.10. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, með hvaða hætti það gerðist.

Vitnið Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður staðfesti, að ákærði, Halldór Lárus Pétursson, hefði komið til fundar við sig, en ekki kvaðst vitnið muna fyrir víst, hvort það hefði verið þriðjudaginn 30. október 1990. Vitnið kvað ákærða hafa komið til fundar við sig um kl. 15.30 til 16.00, og hefði hann staldrað við í mjög stuttan tíma, um 5 mínútur. Vitnið kvað klukkuna því hafa verið um eða rétt yfir 16.00, er ákærði fór á brott. Vitnið skýrði einnig frá því, að Gylfi Jónsson rannsóknarlögreglumaður hefði haft samband við sig um þetta leyti til að staðfesta, að ákærði hefði komið til fundar við sig.

Vitnið Gylfi Jónsson rannsóknarlögreglumaður stjórnaði rannsókn þessa máls. Aðspurt um, með hvaða hætti grunur hefði fallið á ákærða vegna málsins, kvað vitnið það hafa komið upp við rannsóknina á þeim tíma, sem grunur beindist að Sigurði Stefáni Almarssyni, að hugsanlegt hefði verið, að ákærði hefði verið sá, er ók bifreiðinni R-76615 30. október 1990. Hefði ákærði þá verið boðaður í sakbendinguna á lögreglustöðinni, og hefði hann fallist á það. Ekki kvað vitnið ákærða hafa verið formlega yfirheyrðan fyrir sakbendinguna, og ekki vildi það fullyrða neitt um það, hvort ákærða hefði verið bent á það fyrir sakbendinguna, að hann væri grunaður í málinu. Þá kvaðst vitnið aðspurt ekki muna eftir því, hvort það hefði haft samband við Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann á þeim tíma, er rannsókn málsins fór fram, til

þess að fá staðfest, hvort ákærði hefði komið til fundar við Eggert 30. október 1990.

Vitnið Jón Otti Gíslason aðstoðarvarðstjóri kom fyrir dóm og staðfesti þær frumlögregluskýrslur, er vitnið gerði um árekstur bifreiðanna R-76615 og R-38516 30. október 1990.

Niðurstöður.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, þar sem eigi hafi verið sótt dómþing af hálfu ákæruvaldsins. Ákæruvaldi er ekki skylt skv. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að sækja dómþing í máli sem þessu, og getur það því eigi leitt til frávisunar málsins frá dómi. Er frávisunarkröfu verjandans því hafnað.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur ákærði neitað sök í máli þessu. Með framburði vitnanna Helenar Guðjónsdóttur, Gunnleifs Kjartanssonar og Eggerts Norðdahl's Bjarnasonar, er voru að störfum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann dag, er hér um ræðir, er sannað, að ákærði hafi yfirgefið húsnæði rannsóknarlögreglunnar klukkan 16.00 til 16.10, en árekstur bifreiðanna R-76615 og R-38516 var tilkynntur til lögreglu klukkan 16.20. Fjöldmörg vitni urðu að árekstrinum. Vitnin Gunnar Örn Hauksson, ökumaður bifreiðarinnar R-38516, Þorfinnur Kristjánsson, Margrét Sigurðardóttir, Þorsteinn Kristjánsson og Theódór Helgason bentu öll með öruggri vissu á ákærða sem ökumann R-76615 í sakbendingu þeirri, er fram fór á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 1. nóvember 1990. Þá kvaðst vitnið Guðmundur Skúlason vera þess nánast fullvisst, að ákærði hefði verið ökumaður R-76615. Vitnin Jóhannes Guðmundsson og Sigurjón Haraldsson gátu ekki bent á ákærða í sakbendingunni, en lýsing þeirra á ökumanni kemur heim og saman við klæðnað og útlit ákærða. Vitnið Heiða Hilmarsdóttir veitti því athygli, er ökumaður R-76615 yfirgaf bifreiðina við Álakvísl og samkvæmt lýsingu vitnisins á ökumanni kemur hún einnig heim og saman við ákærða. Þó gat vitnið ekki bent á ákærða í sakbendingunni á lögreglustöð. Þá hefur vitnið Kristín Gísladóttir, sambýliskona ákærða, borið, að ákærði hafi komið heim milli klukkan 16.00 og 16.30, eftir að vitninu var orðið ljóst, að bifreiðin var horfin frá heimili þess, og hafði tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu.

Með vísan til framanritaðs og þá sérstaklega samhljóða framburðar vitnanna Gunnars Arnar Haukssonar, Þorfinns Kristjánssonar, Margrétar Sigurðardóttur, Þorsteins Kristjánssonar og Theódórs Helgasonar er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hefur verið ökumaður bifreiðarinnar R-76615, er framangreindur árekstur varð, og að hafa ekið á brott af vettvangi eftir áreksturinn.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson veitti athygli bifreiðinni R-76615, skömmu áður en árekstur bifreiðanna varð. Kvað vitnið þar um ofsaakstur hafa verið að ræða. Þá kemur fram í skýrslu lögreglunnar, að lengd hemlafara bifreiðarinnar R-76615 hafi verið samkvæmt mælingu 48 metrar. Á Grensásvegi er hámarkshraði á akbraut 50 km m.v.klst. Telst samkvæmt þessu sannað, að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hámarkshraða.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða og öðrum upplýsingum, er liggja frammi í málinu, fékk hann í júní 1973 skilorðsbundna ákærufrestun fyrir þjófnað. Þá hefur ákærði tvívegis gengist undir sáttir vegna umferðarlaga-brota, í mars 1973 og í september 1981. Þar fyrir utan hefur ákærði frá árinu 1974 tíu sinnum gengist undir sáttir fyrir áfengislagabrot og brot gegn lögum nr. 65 frá 1964 um ávana- og fíkniefni. Ákærði hefur frá 1974 hlotið samtals fimmtán refsisdóma. Er þar um að ræða þrjá dóma fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Aðrir dómar eru vegna brota á almennum hegningarlögum og umferðarlögum og flestir fyrir þjófnað, nytjastuld og skjalafals. Þá fékk ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum, 1. apríl 1989. Frá 18. desember 1986 hefur ákærði sætt [fimm refsisdómum, síðast 28. október 1988 (2 mánaða fangelsi fyrir umferðarlaga-brot), veitt 1. apríl 1989 reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 280 dögum].

Refsing.

Ákærða var 1. apríl 1989 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum. Með broti því, sem mál þetta er risið af, hefur ákærði rofið skilorð þeirrar reynslulausnar. Eins og atvikum þessa máls er háttað, þykir þó rétt að láta reynslulausnina halda sér, sbr. 3. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur með broti því, sem hér er til meðferðar, unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, sakaferils ákærða og atvika allra þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hrl., 45.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hrl., 45.000 krónur.
